STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1971

REGLUGERÐ

um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga og viðhaldskostnaðar.

1. gr.

Fyrning bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í 2. gr., skal, að vali skattþegns við upphaf fyrningartíma, vera fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði eignanna og innan þeirra marka, sem hér greinir:

a. Byggingar úr steinsteypu:	Lágmarks hundraðshluti	Hámarks hundraðshluti
Íbúðarhús (sbr. þó 2. gr.) þar með taldir bílskúrar — sérbyggðir	1.0	2.0
Skrifstofu- og verzlunarhús	1.0	2.0
Verksmiðju-, verkstæðis- og vörugeymsluhús, svo og önnur atvinnurekstrarhús, ótalin annars staðar, s. s. benzínstöðvarhús, gisti- og veitingahús og útihús á bújörðum	2.0	4.0

Nú er sama byggingin notuð til mismunandi starfsemi, sem fellur undir mismunandi fyrningarflokka, og skal þá heildarfyrningarverð hennar skipt-ast í fyrningarflokka í hlutfalli við rúmmál, þó þannig, að sé bygging notuð að 75% rúmmáls eða meir til starfsemi, er fellur undir sama fyrningarflokk, skal byggingin í heild háð þeim fyrningarflokki.

b. Byggingar, hlaðnar úr steinum, byggðar úr timbri eða stáli, eru háðar fyrn-ingarflokkum skv. a-lið, en lágmarks og hámarks fyrningarhundraðshlutar, sem þar greinir, skulu hækkaðir:

Af húsum hlöðnum úr steinum	um 30%
Af húsum byggðum úr timbri eða stáli	um 100%

c. Aðrar byggingar og mannvirki:	Lágmarks hundraðshluti	Hámarks hundraðshluti
Benzíngeymar og dælur til benzínsölu	5.0	10.0
Bryggjur og plön úr steypu eða steini	2.5	5.0
Bryggjur og plön úr timbri eða stáli	5.0	10.0
Dráttarbrautir	5.0	10.0
Gróðurhús	5.0	10.0
Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar	5.0	10.0
Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar úr steypu	3.0	6.0
Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar úr stáli	4.0	8.0
Rafstöðvar (dísil- og gufuknúnar)	4.0	8.0
Rafstöðvar (vatnsorkuknúnar)	2.0	4.0

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lágmarks- og hámarkshundraðshlutar bygginga og annarra mannvirkja, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í a—c liðum þessarar greinar, skulu ákvarðaðir af ríkisskattstjóra, að fenginni umsókn þar um frá skattþegni hverju sinni.

2. gr.

a. Fyrning íbúðarhúsnæðis, annars en þess, sem fyrnt er skv. ákvæðum 1. gr., skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði íbúðarhúsnæðisins, sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæðis úr steinsteypu	1.0%
Íbúðarhúsnæðis hlöðnu úr steinum	1.3%
Íbúðarhúsnæðis úr timbri	2.0%

b. Árlegur frádráttarbær viðhaldskostnaður þess íbúðarhúsnæðis, er greinir í a-lið þessarar greinar, skal, í stað raunverulegs viðhaldskostnaðar, vera fastur hundraðshluti af fasteignamatsverði íbúðarhúsnæðisins, sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæðis úr steini	1.5%
Íbúðarhúsnæðis úr timbri	2.0%

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum 3. tl. C-liðs og heimildum skv. E-lið 15. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1971. Jafnframt falla úr gildi, eftir því sem við á, ákvæði 25. gr., 28. gr. og B-liðs 31. gr. reglugerðar nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt og 1. gr. reglugerðar nr. 79 10. marz 1966 um breyting á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 21, nr. 228. Útgáfudagur 14. janúar 1972.